

Námskrá í kvikmyndatækni

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Nám og kennsla.....	2
Yfirlitsmynd.....	4
Önn 1.....	5
ENSK2LM05AT.....	5
KVFR1KT08AU.....	6
ÍSLE2AA05AT.....	7
ÍÞRÓ1GH01AT.....	8
LKNI1GR05AT.....	8
STÆR2BR05BT.....	9
Önn 2.....	10
ENSK2OF05BT.....	10
KVFR2KT08BU.....	11
ÍSL2GO03BT.....	13
ÍÞRÓ1LA01AT.....	14
MLÆ1AL03AT.....	14
STÆR2AH05CT.....	15
Önn 3.....	16
KVGE1KT08AU.....	16
HRAF1HT04AR.....	17
ÍÞRÓ1LA01AT.....	18
KVTA2KT08AU.....	18
KVMY2KT08AU.....	19
Önn 4.....	20
ÍÞRÓ1LA01AT.....	20
KVHL1KT04AU.....	20
KVGE2KT08BU.....	21
KVTA2KT08AU.....	23
KVMY3KT06AU.....	23
HRAF2HT04BR.....	17
Önn 5.....	25
KVFA2KT10AU.....	25
KVFR3KT08CU.....	27
KVGE3KT08CU.....	28
Önn 6.....	29
KVFR3KT08DU.....	29
KVGE4KT16DU.....	30
KVRE3KT06AU.....	32

Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir námi í Kvikmyndatækni.

Fyrst er gerð stuttlega grein fyrir hæfniröfum starfsins, störfum og starfsvettvangi á sérsviðinu og lokamarkmiðum sérnámsins.

Hæfniviðmið starfa í Kvikmyndatækni.

Kvikmyndaiðnaðurinn er í eðli sínu margþættur og að honum koma fjölmargir aðilar, hver með sérþekkingu á sínu sviði.

Nám í Kvikmyndatækni er ætlað að búa nemendur undir fjölbreytt störf í heimi kvikmyndagerðar. Störfin sem um ræðir eru fjölmörg en í náminu verður einblínt á að kenna þau fög sem tengjast tækninni sjálfri, bæði við undirbúning, framkvæmd og eftirvinnslu kvikmyndaverks auk annara tengdra námsefna.

Kvikmyndatækni er í eðli sínu hópvinna þar sem margir mismunandi aðilar, hver með sérþekkingu, koma saman til að skapa kvikmyndaverk. Það er því mikilvægt að þeir sem að kvikmyndagerðinni koma hafi víðtæka þekkingu, ekki bara á sínu sérsviði heldur þekki til starfa annara aðila til að tryggja farsæla framvindu verkefnisins.

Markmið sérnámsins

Nemendur sem útskrifast úr Kvikmyndatækni eiga að vera vel í stakk búnir til að takast á við flest störf við kvikmyndagerð, allt frá hugmyndavinnu til lokafrágangs.

Nám og kennsla

Inntökuskilyrði

Nemandi hafi lokið grunnskólaprófi.

Skipulag náms

Við gerð námskrárinnar var gengið út frá því að áfangar námskrárinnar væri skipt niður á sex annir. Fyrstu tvær annirnar eru nemendur í almennu námi samhliða fyrstu áföngum sérnámsins en síðustu fjórar annirnar eru eingöngu sérnám á sviði kvikmyndatöku, mynd- og hljóðvinnslu.

Námsmat

Tilgangur námsmats er m.a. að veita nemendum leiðsögn meðan á námi stendur. Nauðsynlegt er að kennarar skilgreini áfangamarkmiðin þannig að þau séu skýr viðmið við námsmatið.

Matsaðferðir eiga að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og

óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem safnað er saman verkefnum og úrlausnum, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið og gefið vísbendingar um hvernig hann hefur tileinkað sér markmið námsins og hvaða hæfni hann sýnir með verkum sínum.

Námsmat þarf að taka tillit til þarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra.

Til að tryggja gæði námsins verður leitað til starfsgreinaráðs upplýsinga- og fjölmiðlagreina með að skipa námsmatshóp sem dæmir skilgreint lokaverkefni nemenda.

Námslok

Skilgreind námslok á námi í kvikmyndataækni er þrjú.

Í fyrsta lagi eru námslok sem miða að því að gera nemendur hæfa til að starfa við tæknistörf á sviði sjónvarpsefnisgerðar, kvikmyndagerðar og efni tengdu vefvarpi. Einnig eiga þeir kost á að vinna við eftirvinnslu myndefnis ýmiskonar.

Í öðru lagi geta nemendur bætt við sig 40 fein í almennum greinum til að ljúka stúdentsprófi sem auk þess að geta starfað við fagið býður upp á framhaldsnám á þessu sviði í háskólum héraðs og erlendis.

Í þriðja lagi er mögulegt að ljúka almennu stúdentsprófi með hluta fagnámsins í kvikmyndataækni sem kjörsviði, fyrir þá sem vilja hafa einhverja fagþekkingu á afmörkuðu sviði kvikmyndataekningar áður en haldið er í háskólanám á því sviði.

Námslok brautarinnar eru á 3. þrepi.

Hér á eftir fer námskrá sem unnin hefur verið af starfsfólki Tækniskólans og Stúdíó Sýrlands.

Yfirlitsmynd


Á þessari yfirlitsmynd sést fagnamið og miðast við að nemandi hafi þegar lokið tveimur öðrum í almennum greinum.

KMT15 - Kvikmyndataekni

Raftækniskólinn

Nemendur sem innritast í kvikmyndataekni þurfa að hafa lokið skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla með lágmarkseinkunn B í íslensku, ensku og stærðfræði.

Sjá nánar á <http://www.tskoli.is/skolar/raftaekniskolinn/kvikmyndataekni/>



Önn 1

Áfangar annarinnar:

ENSK2LM05AT	(5 fein – 2. þrep)
ÍSLE2AA05AT	(5 fein – 2. þrep)
ÍÞRÓ1GH01AT	(1 fein – 1. þrep)
KVFR1KT08AU	(8 fein – 2. þrep)
LKNI1GR05AT	(5 fein – 1. þrep)
STÆR2BR05BT	(5 fein – 2. þrep)
Samtals	29 fein

ENSK2LM05AT

Enska

Undanfari: ENSK1LS05XT eða sambærileg hæfni úr grunnskóla

Lýsing á efni áfangans

Í þessum byrjunaráfanga í ensku er áhersla lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en áður. Þeir eru þjálfaðir í að tileinka sér orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Lesin eru klassísk og ný bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi. Nemendur vinna í auknum mæli sjálfstætt að viðameiri verkefnum svo sem kynningum og stærri ritunarverkefnum.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- stöðu enskrar tungu á Íslandi og erlendis
- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfunda
- dýpri merkingu texta

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina og skilja málfarsmun á mismunandi málsvæðum og við mismunandi aðstæður
- lesa margs konar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega um málefni sem hann hefur kynnt sér

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunaraðferðum sem við eiga

KVFR1KT08AU

KVIKMYNDAFRÆÐI I

Lýsing á efni áfangans

- Kvikmyndasaga
- Fræði kvikmynda
- Kvikmyndalæsi
- Réttindamál hugverka

Námsefni greinarinnar skiptist í kvikmyndafræði og kvikmyndasögu. Lögð er áhersla á helstu tegundir kvikmynda og kvikmyndastíla. Skoðuð eru vensl kvikmynda og bókmennta, mannkynssögunnar og menningarsamfélaga.

Ágrip af kvikmyndasögunni og helstu tegundir kvikmynda verða kynntar. Farið verður yfir uppbyggingu og eðli kvikmyndarinnar, atriðaskiptingu og sjónarhorn og hvernig hægt er að lesa kvikmyndir og gagnrýna á faglegan hátt.

Dæmi um mismunandi notkun kvikmyndamiðilsins eru höfð til hliðsjónar við verkefni sem nemendur vinna í öðrum áföngum annarinnar. Farið er yfir höfundarréttarmál og atriði því tengd.

Nemandinn

hafi aflað sér sértækrar þekkingar og skilnings á:

- Ágrip af kvikmyndasögunni og helstu tegundum kvikmyndaverka
- Áhrifum og sögu kvikmynda í samfélaginu
- Helstu hugtökum og kenningum innan kvikmyndaiðnaðarins
- Eðli og uppbyggingu kvikmyndarinnar
- Þekkingu á ólíkum miðlunarleiðum í kvikmyndagerð
- almennri þekkingu á samfélagslegu, lýðræðislegu, menningarlegu og efnahagslegu gildi kvikmyndaverka
- Höfundarrétti

hafi öðlast leikni í sértækum aðferðum við að:

- Nýta þekkingu sína við lestur og skilgreiningu á rituðu efni um kvikmyndir
- Greina ólík form kvikmynda og mismunandi aðferðafræði við meðhöndlun viðfangsefna
- Setja fram hugmyndir á skýran og ábyrgan hátt

hafi öðlast hæfni til að:

- Lesa, skilgreina og gagnrýna kvikmyndir út frá faglegum forsendum í ræðu og riti
- Setja kvikmyndaverk í menningarlegt, lýðræðislegt og sögulegt samhengi og metið áhrif þeirra
- Taka þátt í skapandi og gagnrýnni umræðu um eigin verk og annarra
- Virða höfundarrétt

Efnisatriði

Kvikmyndafræði, kvikmyndasaga, kvikmyndir, helstu tegundir kvikmynda: stuttmyndir,

heimildamyndir, bíómyndir, kvikmyndastílar, vensl, bókmenntir, saga, menningarsamfélag, atriðaskipting, sjónarhorn, kvikmyndalestur, kvikmyndagagnrýni, kvikmyndamiðill, hugtök, kenningar, kvikmyndaiðnaður, eðli, uppbygging.

Námsmat

Námsmat byggir á verkefnum nemenda og hvernig þeir standa sig við útfærslu þeirra í tímum. Einnig er tekið tillit til áhuga og ástundunar ásamt útfærslu og frágangi á verkefnum. Nemendur skila greinargerðum og verkefnum sem eru metin til einkunnna. Ferilmappa áfangans (portfólíó) er hluti af lokaeinkunn.

ÍSLE2AA05AT

Íslenska

Undanfari: ÍSLE1LT05XT eða sambærileg hæfni úr grunnskóla

Lýsing á efni áfangans

Kjarnahugtök áfangans eru lestur og ritun. Áhersla er lögð á að nemendur efla færni sína í lestri. Þeir vinna markvisst að því að efla leshraða sinn og lesskilning á einstaklingsgrundvelli. Þeir nemendur sem þess þurfa fá ennfremur leiðbeiningar til þess að bæta kunnáttu sína í réttitun. Nemendur lesa mismunandi gerðir texta og bókmenntaverk frá ólíkum tímum og fjalla um gerð þeirra og inntak. Þeir þjálfast í ritun mismunandi texta og meðferð heimilda. Nemendur fá þjálfun í hugtakanotkun við umfjöllun um mismunandi texta, stíl þeirra og málsnið.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- gildi góðrar lestrarkunnáttu í lífi og starfi
- grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- upplýsingaöflun og notkun heimilda í ritun
- réttitunarreglum í íslensku eftir því sem við á
- mismunandi tegundum bókmenntatexta og grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um bókmenntir
- hugtökum sem nýtast við umfjöllun um tal- og ritmál
- málsniði og stíl og helstu stílbrögðum og stíleinkennum texta

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- markvissri notkun viðeigandi hjálpargagna við frágang ritsmíða
- ritun nytjatexta af ýmsu tagi með mismunandi málsniði
- að flytja ræður, endursagnir og kynningar af mismunandi tagi af öryggi
- að beita mismunandi lestraraðferðum í samræmi við gerðir texta
- að draga saman aðalatriði og finna megininntak texta
- að draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt
- að lesa bókmenntir sér til gagns og gamans og fjalla um inntak þeirra

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auðvelda sér nám í öðrum tungumálum og skilning á byggingu þeirra
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið í ræðu og riti
- setja fram skoðanir sínar í ræðu og riti og rökstyðja þær

- túlka bókmenntatexta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu
- leita sér upplýsinga um tiltekið efni og vinna úr þeim á sjálfstæðan og heiðarlegan hátt

ÍPRÓ1GH01AT

Íþróttir

Enginn undanfari

Lýsing á efni áfangans

Þetta er bóklegur áfangi þar sem farið er yfir hvernig líkaminn bregst við í leik og starfi og undirbúning hans við væntanlegu álagi.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- upphitun – þoli – styrk – liðleika
- mataræði – íþróttaslys
- blóðrásakerfinu – líkamsbeitingu
- gerð æfingaáætlana

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með grunnþætti líkamspjálfunar
- vinna sjálfstætt
- setja upp æfingaáætlun

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- viðhalda líkamsþreki sínu
- geta valið sér þá hreyfingu sem fellur að hans þörfum
- vera meðvitaður um líkamsástand sitt

LKNI1GR05AT

Lífsleikni

Enginn undanfari

Lýsing á efni áfangans

Áhersla er lögð á þekkingu nemenda á skólaumhverfinu. Fjallað er um vinnubrögð í námi, sjálfsmynd, skólakerfi og atvinnulíf, fjármál, neytendamál, umferðina, lýðræði og borgaralega vitund. Einnig er fjallað um næringu, mataræði, geðheilsu, kynhegðun og vanabindandi efni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, markmiðssetningu og úrvinnslu verkefna með kynningum.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- námskröfum skólans og skólaumhverfinu
- námsmöguleikum og skólakerfinu
- árangursríkum námsaðferðum og mikilvægi markmiða
- leiðum til að efla sjálfsmyndina
- atvinnulífi og framtíðarstarfi

- helstu fjármálahugtökum
- lýðheilsu
- lýðræði, Alþingi og stjórnmalaflokkum
- jafnrétti
- réttindum og ábyrgð neytenda
- ábyrgð í umferðinni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita sér upplýsinga um helstu þætti í skólaumhverfinu
- leita upplýsinga um námsmöguleika og skólakerfið
- leita upplýsinga um árangursríkar námsaðferðir og setja sér raunhæf markmið
- greina tengsl sjálfsmyndar við árangur í daglegu lífi
- afla sér upplýsinga um atvinnulífið og framtíðar starfsmöguleika
- leita leiða til að gera áætlun um fjármál og meta upplýsingar um fjármál
- afla sér upplýsinga um lýðheilsu
- leita upplýsinga um störf Alþingis, stjórnmalaflokka og lýðræði
- fjalla um jafnréttismál
- leita upplýsinga um rétt neytenda út frá lögum, siðferði og auglýsingum
- sýna ábyrga hegðun í umferðinni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- efla eigin styrkleika, sýna og vinna að því að þeir nýtist sem best í skólaumhverfinu
- setja sér raunhæf markmið sem tengjast námi og starfi og gera grein fyrir eigin áhugasviði
- nota árangursríkar námsaðferðir
- útbúa starfsferilskrá og gera grein fyrir eigin möguleikum á atvinnu og frekara námi
- taka ábyrgð á eigin námi og framtíð
- vera fjármálalæsi, búa til áætlun um fjármálin og reikna út helstu kostnaðarliði einstaklinga og fjölskyldu og hvað felst í því að vera fjárráða
- greina hættur í umferðinni til að vera ábyrgur ökumaður
- geta útskýrt lýðræðishugtakið og hvernig Alþingi og stjórnmalaflokkar starfa
- tjá skoðanir sínar um þau málefni sem upp koma í samfélaginu hverju sinni
- greina munnlega og skriflega frá upplýsingum sem hann hefur aflað sér

STÆR2BR05BT

Stærðfræði

Undanfari: STÆR1BB05AT eða sambærileg hæfni úr grunnskóla

Lýsing á efni áfangans

Í áfanganum er fjallað um rúmfræði með teikningum, tölfræði, líkindareikning og viðskiptareikning.

Helstu efnisatriði:

- Grundvallarhugtök og reglur í evklíðskri rúmfræði.
- Mælingar í rúmfræði og mikilvægi nákvæmi
- Grunnatriði tölfræði og líkindareiknings: Myndrit, meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi, staðalfrávik, spönnun, einföld líkindi og fleira

- Talningaraðferðir, flokkun gagnasafna og framsetning niðurstaðna
- Viðskiptareikningur: Prósentur, álagning, afsláttur, virðisaukaskattur, vextir, vísitölur og fleira
- Hagnýt verkefni um notkun viðskiptareiknings

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grundvallarhugtökum og reglum í evklíðskri rúmfræði, tölfræði, líkindareikningi og viðskiptareikningi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja fram lausnir á táknmáli stærðfræðinnar
- leysa rúmfræðileg verkefni og beita teikniáhöldum
- flokka talnasöfn, lesa úr myndritum og skýra einkennisstærðir talnasafna
- setja upp og túlka gögn á myndrænu formi
- reikna einföld líkindi atburða og meta áhættu við ákvarðanatöku
- reikna prósentur, vexti og vísitölu
- nota vísindalegar reiknivélar og stærðfræðiforrit á netinu.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra hugmyndir sínar og verk
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu á tölulegum viðfangsefnum
- vega og meta tölulegar upplýsingar á gagnrýnninn hátt
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau
- taka ákvarðanir í sértækum verkefnum er lúta að efni áfangans
- klæða verkefni í stærðfræðilegan búning, leyst þau og túlkað lausnirnar

Önn 2

Áfangar annarinnar:

ENSK2OF05BT	(5 fein – 2. þrep)
ÍSL2GO03BT	(5 fein – 2. þrep)
ÍÞRÓ1LA01AT	(1 fein – 1. þrep)
KVFR2KT08BU	(6 fein – 2. þrep)
MLÆ1AL03AT	(5 fein – 1. þrep)
STÆR2AH05CT	(5 fein – 2. þrep)
Samtals	32 fein

ENSK2OF05BT

Enska

Undanfari: ENSK2LM05AT

Lýsing á efni áfangans

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á fjölbreyttari og þyngri texta en áður og gerð er aukin krafa um sjálfstæði í verkefnavinnu og vinnuskilum. Lesin eru óstytt bókmenntaverk og þau túlkuð út frá víðara samhengi en áður með tilliti til sögu og bókmenntalegra skírskotana. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og geti rökstutt skoðanir sínar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur kynnist sögu og menningu Bandaríkjanna með margvíslegum hætti þar sem alhliða færni í málinu er æfð. Nemendur rýna í ólíkan texta, bókmenntaverk, smásögur og greinar og fá tækifæri til að tjá sig á gagnrýninn hátt um viðfangsefnið.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- orðaforða, hugtökum og hugmyndafræði sem einkenna Bandaríkin í nútíð og fortíð
- áhrifum sögu og menningar á fjölmenningslegt samfélag Bandaríkjanna og áhrifum í alþjóðasamfélaginu
- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfunda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa margs konar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta og viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega um málefni sem hann hefur kynnt sér
- tjá tilfinningar, nota hugarflug og beita stílbrögðum í túlkun sinni á viðfangsefninu
- kafa dýpra ofan í viðkomandi viðfangsefni og leita fanga víðar en áður
- nýta sjálfstæði í vinnubrögðum og vera fær um að draga ályktanir

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- öðlast heildarsýn yfir sögu og menningu Bandaríkjanna í nútíð og fortíð
- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum

KVFR2KT08BU

Kvikmyndafræði

Lýsing á efni áfangans

- Kvikmyndasaga og fræði
- Umræður og vangaveltur
- Kvikmyndalæsi
- Réttindi og skyldur

Farið er yfir kvikmyndir og kvikmyndastíla út frá sýnishornum og rýnt í ákveðna leikstjóra og kvikmyndatökustíla. Skoðuð eru vensl kvikmynda við ýmsa þætti út frá ákveðnum kvikmyndum og afmörkuðum viðgangsefnum. Farið er í sálfræði kvikmyndanna,

kvikmyndatöku, eðli myndmálsins og samspil hljóðs og myndar. Einnig er farið yfir réttindi og skyldur þeirra er starfa í greininni m.t.t. siðareglna, laga og reglna er gilda í faginu.

Nemandinn

hafi aflað sér sértækrar þekkingar og skilnings á:

- Þeim áhrifum sem tæknibreytingar hafa á tjáningarmöguleika kvikmyndarinnar
- Helstu lögum og reglum í kvikmyndaheiminum svo sem siðareglur, persónuvernd, höfundarétt og fleira
- Haldgóðri þekkingu á kvikmyndagerð; uppbyggingu kvikmyndaverka, vinnuferlum, hugtökum og sögu
- Réttindum og skyldum sínum
- Siðareglum, lögum og reglum er gilda í faginu

hafi öðlast leikni í sértækum aðferðum við að:

- Skilgreina kvikmyndaverk/bíómyndir út frá helstu þáttum kvikmyndafræðanna
- Færa rök fyrir helstu einkennum mismunandi kvikmyndastíla og hvernig leikstjórinn nær fram þeim áhrifum sem myndin hefur á áhorfandann
- Koma verkum sínum á framfæri af öryggi og á viðeigandi hátt

hafi öðlast hæfni til að:

- Geta í ræðu og riti beitt helstu hugtökum sem notuð eru í umfjöllun á kvikmyndum
- Beitir innsæi og tilfinningum við útfærslu hugmynda undir leiðsögn
- Getur greint og rætt um uppbyggingu kvikmyndaverka í menningarog sögulegu samhengi
- Getur tekið þátt í uppbyggilegri gagnrýnni umræðu um verk sín og annarra
- Vinna samkvæmt siðareglum, lögum og reglum er eiga við

Efnisatriði

Kvikmyndafræði, kvikmyndasaga, kvikmyndastílar, kvikmyndagerðir, rýni, leikstjórar, leikstjórn, vensl, menningarsamfélög, sálfræði kvikmynda, eðli myndmáls, samspil, hljóð, mynd, rökfærsla, einkenni, áhrif, áhorfendur, skilgreiningar og hugtakanotkun, umfjallanir, tjáningarmöguleikar, höfundarréttur, reglur, lög, siðareglur, persónuvernd, fjármögnun, sjóðir, markaðssetning, dreifing.

Námsmat

Námsmat byggir á verkefnum nemenda og hvernig þeir standa sig við útfærslu þeirra í tímum. Einnig er tekið tillit til áhuga og ástundunar ásamt útfærslu og frágangi á verkefnum. Nemendur skila greinargerðum og verkefnum sem eru metin til einkunna. Ferilmappa áfangans (portfólíó) er hluti af lokaeinkunn.

ÍSL2GO03BT

Íslenska

Undanfari: ÍSL2AA03AT

Lýsing á efni áfangans:

Í þessum áfanga er fjallað um mál og menningarsögu og áhersla er lögð á bókmenntir og ritun. Nemendur lesa íslenskar bókmenntir frá mismunandi tímum og ræða og fjalla um stíl þeirra og inntak í ræðu og riti. Þeir vinna með hugtök sem notuð eru við umfjöllun um bókmenntir og skrifa lengri og styttri texta. Nemendur læra um norræna goðafræði og lesa hluta Snorra-Eddu og Völuspá. Þeir læra um málsögu íslensku og helstu breytingar sem orðið hafa á málinu frá öndverðu. Ennfremur læra þeir að nýta sér heimildir og fá þjálfun í meðferð þeirra.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hugtökum sem nýtast við bókmenntaumfjöllun
- hugtökum sem notuð eru við ritgerðasmíð
- notkun heimilda í ritun
- hagnýtum aðferðum við að setja fram mál sitt á skýran og skilmerkilegan hátt
- hagnýtum aðferðum við mat á eigin vinnu og annarra
- norrænni goðafræði eins og hún birtist í Eddu Snorra Sturlusonar
- samhengi máls og menningarsögu
- hugtökum í málsögu
- helstu breytingum á íslensku frá alda öðli til okkar daga
- inntaki Völuspár og byggingu kvæðisins

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fjalla skriflega og munnlega um afmarkaða þætti námsefnisins
- vinna með öðrum nemendum í hóp að lausn ýmiss konar verkefna
- meta eigið vinnuframlag sem og annarra
- flytja fyrirlestra, lýsingar og kynningar í tengslum við námsefnið
- semja texta í tengslum við námsefnið á sjálfstæðan og skapandi hátt
- nýta sér heimildir og upplýsingar á sjálfstæðan og heiðarlegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- lesa ólíkar tegundir bókmennta sér til gagns og gamans
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- leita sér heimilda og upplýsinga um tiltekið efni og vinna úr þeim á sjálfstæðan og heiðarlegan hátt
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- dýpka skilning sinn á máli og menningarsögu
- lesa bókmenntir sér til gagns og gamans

ÍÞRÓ1LA01AT

Íþróttir

Enginn undanfari

Lýsing á efni áfangans

Í þessum áfanga stunda nemendur markvissa hreyfingu og öðlast þekkingu til þess að setja sér raunhæf markmið í heilsurækt.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þolþjálfun
- upphitun
- liðleika
- styrk

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með grunnþætti líkamspjálfunar
- vinna sjálfstætt
- setja upp æfingaáætlun

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- viðhalda líkamsþreki sínu
- gera mælingar á líkamsástandi sínu og bregðast rétt við niðurstöðum mælinga
- vera meðvitaður um líkamsástand sitt

MLÆ1AL03AT

Menningarläsi

Enginn undanfari

Lýsing á efni áfangans

Innihald áfangans er breytilegt frá önn til annar en lögð er áhersla á að nemendur beiti gagnrýnni hugsun til þess að dýpka og efla læsi sitt á eigið umhverfi, efnislega og menningarlega. Nemendur læra að sjá umhverfi sitt í samhengi, hvernig menning okkar er og hvað það er sem hefur skapað hana og að þekkja rætur hennar. Nemendur kynna sér það sem er að gerast í menningarlífinu, meta það og skoða með aðstoð samnemenda og kennara. Námið er verkefnabundið og nemendur rannsaka viðfangsefni áfangans hverju sinni á gagnrýnninn hátt.

Dæmi um möguleg viðfangsefni:

- Byggingarlist
- Siðfræði
- Hönnun
- Myndlist
- Leiklist
- Tónlist
- Matarmenning
- Menningarhugtakið
-

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum sem notuð eru við umfjöllun um þau viðfangsefni sem áfanginn snýst um hverju sinni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig í ræðu og riti á sjálfstæðan hátt um viðfangsefni áfangans
- beita hugtökum sem lúta að viðfangsefni áfangans í umfjöllun um viðfangsefni hans

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka virkan þátt í umræðu í samfélaginu sem varðar viðfangsefni áfangans
- horfa gagnrýnum augum á umhverfi sitt og átta sig á því hvað hefur skapað það

STÆR2AH05CT

Stærðfræði

Undanfari: STÆR2BR05BT

Lýsing á efni áfangans

Í áfanganum er fjallað um algebru, föll, mengi og rökfræði.

Helstu efnisatriði:

- Algebra
- Jöfnur með einni og tveimur óþekktum stærðum
- Veldi og rætur
- Ójöfnur
- Föll
- Ferlar falla
- Hornaföll
- Margliður
- Táknmál mengjafræðinnar
- Talnamengi
- Mengjaaðgerðir
- Rökfræði

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grundvallarhugtökum og reglum fallafræði, mengjafræði, algebru og rökfræði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja mismunandi tegundir falla og einkenni þeirra
- beita kunnáttu í algebru við að leysa verkefni
- vinna með mengi og mengjaaðgerðir
- beita rökfræði við skilgreiningu verkefna

- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu stærðfræðilegra hugmynda og viðfangsefna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir sínar skipulega, ræða þær við aðra og útskýra hugmyndir sínar og verk
- átta sig á tengslum ólíkra aðferða við framsetningu á tölulegum viðfangsefnum
- vega og meta tölulegar upplýsingar á gagnrýninn hátt
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau

Önn 3

Áfangar annarinnar:

KVGE1KT08AU	(8 fein – 1. þrep)
HRAF1HT04AR	(4 fein – 2. þrep)
ÍÞRÓ1LA01AT	(1 fein – 1. þrep)
KVTA2KT08AU	(8 fein – 2. þrep)
KVMY2KT08AU	(8 fein – 2. þrep)
Samtals	29 fein

KVGE1KT08AU

Kvikmyndagerð

Lýsing á efni áfangans

- Stuttmynd unnin af nemendum
- Handrit og leikstjórn
- Grunnatriði myndmáls
- Segja sögur með myndum
- Auglýsing
- Fréttainnslög

Nemendur hefja önnina á gerð stuttmynda undir handleiðslu kennara.

Nemendur taka upp og vinna auglýsingu og fréttainnslag í smærri hópum.

Farið er í helstu störf kvikmyndagerðar og lögð áhersla á marga og ólíka þætti innan kvikmyndageirans. Farið er í umhverfi og skilyrði í kvikmyndageiranum bæði hér heima og erlendis.

Farið í skipulag á tókustað, hvernig mismunandi deildir vinna saman og hvernig tókur eru skipulagðar út frá handriti. Handrit verður brotið upp, farið yfir undirbúning á tókustað fyrir leikið efni annarsvegar og heimildarefni hins vegar.

Farið er í notkun kvikmyndatökuvélarinnar og lýsingu á tókustað. Farið er í grundvallarþætti kvikmyndatöku, lýsingu, hljóðupptöku o.s.frv. og upptökur á kvikmyndatökuvélar, linsur og önnur tæknileg atriði varðandi tókuvélina. Einnig er farið í helstu þætti varðandi kvikmynda lýsingu og upptöku á hljóði.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandinn

hafi aflað sér sértækrar þekkingar og skilnings á:

- Yfirsýn yfir ferli kvikmyndagerðar - frá hugmynd að endanlegu kvikmyndaverki
- almenntri þekkingu á ólíkum faggildum (fagsviðum) og störfum innan kvikmyndagerðar
- grunnskilningi á mikilvægi þess að viðhalda sjálfbærum vinnubrögðum, siðgæði, virða mannréttindi og jafnrétti

hafi öðlast leikni í sértækum aðferðum við að:

- skipuleggja tölur og útbúa töluplan
- nýta almennt verklag og skapandi aðferðir í kvikmyndagerð
- taka þátt í skipulagningu verkferla undir leiðsögn

hafi öðlast hæfni til að:

- taka upp hljóð og mynd eftir leiðsögn
- sýnir nokkurt sjálfstæði við útfærslu verkefna undir leiðsögn
- getur unnið í hópum með umburðarlyndi og virðingu fyrir öðrum að leiðarljósi
- getur tjáð sig á einfaldan hátt á ensku

Vinnuathugasemdir/Til umhugsunar

Efnisatriði

Störf, ólíkir þættir, kvikmyndageiri, tókustaðir, deildir, handrit, leikið efni, heimildir, kvikmyndatökuvélar, kvikmyndataka, upptökur, linsur, filterar, tæknileg atriði, kvikmyndagerð, samspil, umhverfi, tókuskipulag, lýsing, hljóð.

Námsmat

Námsmat byggir á verkefnum nemenda og hvernig þeir standa sig við útfærslu þeirra í tímum. Einnig er tekið tillit til áhuga og ástundunar ásamt útfærslu og frágangi á verkefnum.

HRAF1HT04AR

Rafmagnsfræði

Undanfari:

Lýsing á efni áfangans

Þekki lögmál Ohms. Geti reiknað spennur, strauma, viðnám og afl út frá gefnum eða mældum gildum og þekki lögmál Watts um afl og geti reiknað afl á línu. Þekki helstu hugtök rafmagnsfræðinnar sem tengjast ljósum og myndvinnslu sem og muninn á helstu mælum. Þekki dB kvarðann. Þekki réttan tengimáta raflína. Geti lóðað tengi á snúru eða gert við bilaðar snúrur.

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Lögmáli Ohms

- Lögmál Kirkoff
- Lögmál Watt
- Spennu, straum og viðnámi
- Snúrum og tengimátum
- Helstu mæligildi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Mæla og reikna RMS gildi og Upp gildi
- Reikna dB út frá spennu eða straum
- Smíða hjóðsnúrur með viðeigandi tengjum
- Mæla spennur og viðnám með AVO mæli

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Smíða snúrur með mismunandi tengjum
- Smíða einfalda rafeindarás eftir forskrift
- Fyrirbyggja eða finna jarðhringrás (ground loop)

ÍPRÓ1LA01AT

Ípróttir

KVTA2KT08AU

Kvikmyndataka

Lýsing á efni áfangans

- Stuttmynd
- Taka mismunandi verkefni
- Lýsing

Fjallað er um kvikmyndatöku frá ýmsum sjónarhornum auk þess sem farið er í aðra tengda hluti s.s. umhverfi og lýsingu. Skoðaðar eru kvikmyndatökuvélar, gerð þeirra og uppbygging. Fræði er varða ljóshita, ljósmælingar, ljós og lampabúnað ásamt öðru sem snýr að lýsingu eru skoðuð. Nemendur munu gera verklegar æfingar með vélar í stúdíói til að tryggja að þeir öðlist færni í að nota og aðlaga vélarnar að þeim verkefnum sem þeir vinna að hverju sinni.

Nemandinn

